



Húsnefnd Félagsheimilisins Borg

Fundargerð.

12. fundur húsnefndar Félagsheimilisins Borgar var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, mánudaginn 19. nóvember 2018 kl. 15:10.

Fundinn sátu:

Ingibjörg Harðardóttir formaður, sveitarstjóri

Guðmundur Jónsson, fulltrúi sveitarstjórnar

Guðnýjar Tómasdóttur, fulltrúi sveitarstjórnar

Guðrún Ása Kristleifsdóttir, fulltrúi Ungmennafélagsins Hvatar

Sigríður Björnsdóttir, fulltrúi Kvenfélags Grímsneshrepps

Elín Lára Sigurðardóttir, húsvörður

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Nýtt teppi á anddyri og kaffistofu Félagsheimilisins Borgar.

Fundað var á ný um nýtt teppi á anddyri og kaffistofu félagsheimilisins. Búið var að ákveða lit á teppinu en þegar sá litur var pantaður var hann hættur í framleiðslu. Ný hönnun fyrir 2019 er mjög ólík því sem kosið var um og því vísaði sveitarstjórn málinu aftur til húsnefndar til endalegrar afgreiðslu.

Nýjar prufur voru skoðaðar og nefndarmenn sammála um að enginn þessara lita gæti gengið fyrir okkar fallega hús. Samþykkt var að fá fleiri prufur og funda aftur föstudaginn 23. nóvember 2018 kl. 13:00.

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 16:30